

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

### 1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að veita honum aðgang að sjúkraskrá í heild eða að hluta eða afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit af henni skal umsjónaraðili sjúkraskrár leiðbeina um rétt til að bera synjun um aðgang undir embætti landlæknis skv. 15. gr. a.

b. 5. mgr. fellur brott.

### 3. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánnum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna og láta í té afrit hennar ef þess er óskað. Við mat á því hvort veita skuli aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings skal höfð hliðsjón af hagsmunum aðstandanda sem óskar eftir slíkum aðgangi og vilja hins látna, liggja fyrir upplýsingar um hann. Synji umsjónaraðili sjúkraskrár um aðgang eða afrit af sjúkraskrá látins einstaklings skal umsjónaraðili sjúkraskrár leiðbeina um rétt til að bera synjun um aðgang undir embætti landlæknis skv. 15. gr. a.

### 4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Réttur til að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá undir embætti landlæknis.*

Heimilt er að bera synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta eða synjun um að fá afhent afrit af henni undir embætti landlæknis. Sama gildir um synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um að veita nánnum aðstandanda aðgang að

sjúkraskrá látins einstaklings eða synjun um að fá afhent afrit af henni. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnslögum. Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Aðgangur að sjúkraskrákerfum til að sinna vinnslu, uppfærslu og viðhaldi.*

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita starfsmönnum sem vinna að þjónustu við tölvu- og upplýsingakerfi nauðsynlegan aðgang að sjúkraskrákerfi í þeim tilgangi að sinna vinnslu, uppfærslu og viðhaldi kerfisins. Að því marki sem unnt er skal notast við þrúfugögn í stað raungagna við veitingu slíkrar þjónustu. Starfsmennirnir skulu undirgangast sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. janúar 2014.*